

sést til hve langs tíma, svo að ekki er unnt að reikna vexti af afföllunum til lengri tíma en nú var gert. Við þessa framlengingu hafa afföllin verið hækkuð um kr. 800.00, og nema afföll og vextir af afföllum af þessu láni því samtals til 18. jan. 1931 kr. 1620.20.

Skv. framanskráðu nema því afföll þau og vextir af þeim, sem rétturinn telur stefndum, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu, bera að endurgreiða stefnöndu, samtals kr. 12276.99. Í vöxtu af þeirri upphæð ber stefndum að greiða stefnöndu 5% p. a. frá sáttakærudegi, 13. marz 1936. Einnig ber að dæma stefndan til að greiða stefnöndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Mánudaginn 15. febrúar 1937.

Nr. 40/1935. **Aðalbjörn Pétursson**

(Theódór B. Lindal)

gegn

Guðmundi Hannessyni

(Einar B. Guðmundsson).

Meiðyrðamál.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 24. okt. 1934: Stefndur, Aðalbjörn Pétursson, gullsmiður Siglufirði, greiði 350 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi er greidd fyrir lok aðfararfrests.

Stefndur greiði og 20 króna sekt, 10 krónur í ríkissjóð og 10 krónur í fátækra sjóð Siglufjarðar, fyrir ósæmlegan rithátt, og séu hin átöldu ummæli dauð og ómerk.

Málskostnað greiði stefndur stefnanda með 200 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt sýknu af kröfum stefnda í máli þessu, en til vara, að sektin verði lækkuð.

Svo hefir hann og krafizt málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýj- aða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því sem upplýst er í málinu, kom skarlats- sótt upp nálægt 10. sept. 1932 á bænum Hóli innan kaupstaðarumdæmis Siglufjarðar. Er bærinn skammt fyrir utan sjálfan kaupstaðinn, og rekur bæjarfélagið þar kúabú. Þann 12. sept. 1932 hélt heilbrigðisnefnd kaupstaðarins, sem skipuð var stefnda, bæjarfógetanum á Siglufirði, sem for- manni, héraðslækni og öðrum lækni, fund út af því máli, og var þar samþykkt að fá hjúkrunar- konu að Hóli til að annast sjúklingana og sjá um, að einangrun þeirra yrði í lagi, og virðist héraðs- lækni hafa verið falið að útvega hana. Daginn eftir fékk stefndi vitneskju um það hjá ráðsmanninum á Hóli, að hjúkrunarkona sú, er ráðgert var að fá, væri ófús á að fara þangað, en þó gefið í skyn, að aðrar mundu vera fáanlegar. Kveðst stefndi nú, samkvæmt nýjum upplýsingum, er fram hafa komið í málinu, hafa treyst því, að héraðslæknir mundi útvega hjúkrunarkonuna, og lét það atriði svo ekki frekar til sín taka. En svo leið tíminn til 21. s. m., að engin hjúkrunarkona var fengin og engar þær aðgerðir viðhafðar, er kalla mætti sótt- varnarráðstafanir, þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. 2. gr. laga nr. 24/1907, er þá voru í gildi. Var og þenna tíma daglega flutt mjólk frá hinu sýkta heimili til bæjarins eftirlitslaust til neyzlu al- mennings. Þann 21. sept. 1932 hélt heilbrigðis- nefndin aftur fund. Var þá ákveðið að fá annað fólk til að hirða kýrnar og ennfremur, eftir því,

sem fram hefir komið í nýjum upplýsingum í máli þessu fyrir hæstarétti, að heimilisfólkið á Hóli skyldi vera í strangri sóttkví, að sjóða skyldi alla mjólk frá Hóli áður en hún væri seld, að sótt-hreinsa skyldi öll áhöld, sem notuð hefðu verið undir mjólk þaðan eða til mælinga hennar, og loks, að skoða skyldi kýrnar eftir 4—5 daga og taka þær frá, sem sár kynnu að hafa á spenum og þess háttar. Ennfremur bauð héraðslæknir í símskeyti til stefnda 21. s. m., að hella skyldi niður allri mjólk frá Hóli, en stefndi taldi ekki gerlegt að taka þá skipun til greina, enda endurnýjaði héraðslæknir hana ekki. Mjólkinn var nú flutt ósoðin frá bænum á sölustaðinn, en mjólkursölukonunni var falið að sjóða hana. Eftirlit með framkvæmd þessa verks virðist þó ekki hafa verið ríkt, enda er það upplýst, að mjólkursölukonan sjálf og annar neytandi tóku við henni ósoðinni til sinna þarfa.

Veikin gerðist allmögnuð, og er talið að 90—100 manns hafi tekið hana, þar á meðal áfrýjandi, og nokkrir létust úr henni. Er svo að sjá sem allmikil óánægja hafi risið upp í bænum, aðallega gagnvart héraðslækni og stefnda, enda virðast margir hafa litið svo á, að aðgerðir þeirra til að stemma stigu fyrir veikinni hafi verið slægri en skylt hefði verið, enda tóku þeir nú að bera sakir hvor á annan í blöðum bæjarins út af framkomu hvors um sig í málinu og jafnframt að bera sakir hvor af sjálfum sér.

Þann 13. des. 1932 flutti blaðið „Verkamaðurinn“, sem út var gefið á Akureyri, grein þá, sem valdið hefir þessu máli. Er þar nokkuð skýrt frá gangi veikinnar á Siglufirði og aðgerðum stefnda

og samstarfsmanna hans í heilbrigðisnefnd vegna sóttarinnar, og hefir grein þessi að geyma ummæli þau, sem stefnt er fyrir í máli þessu og rakin eru í hinum áfrýjaða dómi. Með stefnu, útgefinni 26. júní 1934 og birtri 29. s. m., höfðaði stefndi mál þetta í héraði, en áfrýjandi taldi þá sök fyrnda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, og mótmælti stefndi þá þeirri varnarástæðu. Hér fyrir dómi hefir stefndi fyllirt, að honum hafi ekki orðið kunnugt um grein þessa, eða innihald hennar fyrir en 25. jan. 1934, og hafi sök út af henni því ekki verið fyrnd, þegar mál þetta var höfðað. Með því að ekki er sannað, að stefnda hafi fyrir orðið kunnugt um greinina en hann sjálfur hefir fyllirt, verður sýknukrafa áfrýjanda sakir fyrningar sakarinnar ekki tekin til greina. Þótt afskipti stefnda af sóttvarnarmálinu vegna skarlatssóttarinnar á Siglufirði haustið 1932 verði ekki talin óaðfinnanleg, þá verða þau þó ekki talin réttlæta illmæli þau og áburð, sem í áðurnefndri grein, sem áfrýjandi ber ábyrgð á, felast. Og verða ummælin við 217. sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, 350 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Það þykir mega fella niður sekt þá, sem áfrýjanda er á hendur dæmd í hinum áfrýjaða dómi fyrir þargreind ummæli í varnarskjali hans, en rétt þykir að ómerkja téð ummæli.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í

héraði og fyrir hæstarétti, er samtals ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Aðalbjörn Pétursson, greiði 350 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framanefnd ummæli í varnarskjali áfrýjanda skulu vera dauð og ómerk.

Áfrýjandi greiði stefnda, Guðmundi Hannessyni, samtals 300 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 26/6. þ. árs að undangenginni árangurslausri sáttatilaun 6/6. þ. árs krefst stefnandinn, Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti, að stefndur, Aðalbjörn Pétursson, verði dæmdur til refsingar fyrir ummæli í 55. tölubl. XV. árg. blaðsins „Verkamaðurinn“, útgefna á Akureyri, undir yfirskriftinni „Embættissvikararnir á Siglufirði“, er stefndur síðar hafi endurtekið á opinberum bæjarstjórnarfundum 28/5. s. l. og sem hann telur freklega meiðandi fyrir sig, og þó sérstaklega vegna þess, að þar sé ráðist á embættisæru sína. Eru hin átöldu ummæli þessi: „Í þessari grein kallaði ég þá héraðslæknirinn og bæjarfógetann embættissvikara út af framkomu þeirra sem heilbrigðisvarða bæjarbúa“. „Orsakir þess, að fógeti hættir við þessa málssókn, geta ekki verið aðrar en: Í fyrsta lagi, að þorri bæjarbúa hafði þegar dæmt heilsuverði sína sem örgustu embættissvikara. Í öðru lagi, að fógeta hafi verið kunnugt um þennan dóm og þetta álit almennings. Í þriðja lagi hefir hann álitit, að máls-

staður sinn myndi versna en ekki batna með málshöfðun á hendur mér“. — „Hefði fógeti metið meira öryggi um líf og heilsu bæjarbúa heldur en nokkur hundruð krónur úr bæjarsjóði“, „fógeti er höfundur káksins. Hann er brautryðjandi embættissvikaranna, innan heilbrigðisnefndarinnar, sem nú hafa kostað fimm manns lífið“. — „Ég læt útrætt um embættissvikarana enda munu nú svik þeirra viðurkennd af flestum“. — „er það óhrakið, sem ég sagði í hinni fyrri grein minni „Lífverðir Siglfirðinga“ um héraðslækni og fógeta, nema hvað glæpir þeirra eru orðnir miklu örlagaríkari en þeir voru þá“. „Ef afbrotamennirnir hefðu nokkurn snefil af sómatilfinningu eða virðingu fyrir lífi og heilsu bæjarbúa, þá myndu þeir bæta vigin með því að segja af sér embættunum og skammast sín i kyrþey“. „Baráttan móti hagsmunamálum verkalýðsins og öllum, sem tryggir líf og velferð alþýðunnar — fjöldans, er orðin þessum embættisbandittum borgaranna svo sjálfsögð stéttarskylda“ „þessir þorparar“.

Svo og krefst stefnandi, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í máli þessu að skaðlausu skv. reikningi, til vara eftir mati réttarins, og hefir í flutningi málsins gjört kröfu um 200 krónur tildæmdar í málskostnað.

Stefndur krefst sýknu og telur sökina fyrnda, en telur hinsvegar umstefnd ummæli á rökum byggð og mótmælir eigi því, að hafa haft þau um stefnanda.

Hin umstefndu ummæli verður að telja mjög meiðandi fyrir stefnanda og refsiverð skv. 217—219. gr. alm. hegningarlaganna, og þar sem stefndur hefir eigi réttlætt þau undir flutningi málsins og eigi mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda að hafa endurtekið umstefnd ummæli á tédum bæjarstjórnarfundi 28. maí s. l., svo eigi verður sökin talin fyrnd, þá þykir rétt að ákveða refsinguna, er stefndur hefir til unnið, 350 kr. í sekt til rikissjóðs, til vara 30 daga einfalt fangelsi, verði sektin eigi greidd fyrir lok aðfararfrests.

Skv. kröfu stefnanda verður og að dæma dauð og ómerk orðin í vörn stefnds í rskj. 11 „þessi svik undan störfum“ að því er þau eiga við stefnanda, þar sem telja verður þau

meiðandi fyrir hann, og skal stefndur greiða 20 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 10 kr. í rikissjóð og 10 kr. í fátækra sjóð Siglufjarðar.

Svo og greiði stefndur stefnanda 200 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1937.

Nr. 129/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Georg Lárusi Gíslasyni

(Eggert Claessen).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn 4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 20 maí 1936: Kærður, Georg Gíslason, greiði 8000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 4 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns í málinu, Björns P. Kalman, hrm., 150 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það sannað, að dagana 6. og 7. október 1935 fékk kærði 3 dulmálsloftskeyti frá brezka togaranum „Vinur“, með fyrirspurnum um danska varðskipið „Hvidbjörnen“, sem þá var stutt í Vestmannaeyjum. Svaraði kærði fyrirspurnum þessum um hæl með 3 dulmálsskeytum og gaf þær upplýsingar um varðskipið, sem hann gat í té látið. Þar eð kærði gat ekki gengið þess dulinn, að nefndra upplýsinga væri óskað í sambandi við landhelgigæzlu varðskipsins, þá hefir hann, með